



NÁTTÚRUSTOFA REYKJANESS

12 November, 2002

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum 11. mál.

Það er orðið aðeins of áliðið til að hægt sé að stytta veiðitíma á rjúpu haustið 2002. En engu að síður er ég sammála tillögunni um að nauðsynlegt sé að gripa til einhverra aðgerða til verndar rjúpnastofninum. Ég er hinsvegar ekki sannfærður um að stytting veiðitíma sé rétta aðferðin. Til að útskýra það betur ætla ég að gefa mér þær forsendur að flestir veiðimenn hafi fyrirfram ákveðið magn fugla sem þeir þurfa að ná í fyrir hver jól, mest allt umfram það er selt eða gefið. Þessi forsenda tekin af eigin reynslu og annara rjúpnaveiðimanna og er mjög raunhæf að mínu mati, hinsvegar er nauðsynlegt að kanna þennan þátt betur. Fækkun veiðidaga þýðir að veiðimenn hópast inná fjöll þá daga sem leyft er að veiða til að ná allavega þessu fyrirfram ákveðna magni. Þetta leiðir til mun meiri ásóknar en nú er og búast má við að þegar menn koma að sínum venjulegu veiðistöðum og sjá jeppakraðakið sem að fyrir er, leiti menn á nýja staði með tilheyrandi utanvegarakstri og rökun á annars óhreyfðu landi.

Sölubann á rjúpu finnst mér vera mun vænlegri leið og ég bendi á að sú leið hefur verið farin annarstaðar með góðum árangri, t.d. í Bretlandi þar sem bannað er að selja gæs. Um 10-15% veiðimanna veiða 50 rjúpur eða meira og veiða þessir menn um helming af allri rjúpnaveiði landsmanna. Óhætt er að fullyrða að mestur hluti þessarar veiði verði seldur eða gefin og með sölubanni má því ætla að hægt sé að minnka rjúpnaveiði sem því nemur.

Auk sölubanns tel ég friðun svæða geti haft mjög góð áhrif á verndun rjúpunnar. Rannsóknir hafa sýnt að rjúpur hafi frekar lítil heimasvæði (Ólafur K. Nielsen. Heimasvæði rjúpna um vetur. Veiðidagbók 2002. Veiðistjóraembættið) þannig að búast má við að friðun svæða geti haft veruleg áhrif á afkomu rjúpunnar. Nú er allt suðvesturhorn landsins friðað og á því svæði eru nú stundaðar rannsóknir er sýna eiga áhrif veiða. Ef þær niðurstöður sýna að veiðar hafi áhrif þá ætti að friða annað slíkt svæði (hugsanlega þarf ekkert að bíða eftir niðurstöðum heldur friða strax), sambærilegt að stærð t.d. á Norðausturlandi eða á Vestfjörðum og hefði rjúpan þá griðland á tveimur stórum svæðum.

Ef farið verður úti styttingu veiðitíma þá bendi ég á þá viðteknu skoðun að eftir því sem lengra liður á vetur þá verði hver lifandi rjúpa verðmætari fyrir viðkomu stofnsins (þ.e. hún er líklegri til að lifa vetur af og verpa að vori). Þannig má segja að frekar ætti að taka aftan af veiðitíma. Þá hefur verið bent á að rjúpan sé auðfundnari og auðveldara skotmark á auðri jörð en í snjó og þess vegna eigi frekar að taka framanaf veiðitímanum. Þessu er ég ekki endilega sammála og er ekki viss um að menn veiði meira á auðri jörð (það má hinsvegar athuga aðeins betur). Hegðun rjúpunnar er öðruvísi á auðri jörð en í snjó, hún er mun stýggari og erfiðara að komast að henni, hún er dreifðari og heldur sig gjarnan meira í stórgrytisurð þar sem hún hefur a.m.k. smá möguleika á að fela sig frá afræningjum. Í snjó treystir hún mun meira á felubúningin og auðvelt er að komast í skotfæri við hana, hún heldur sig í stærri hópum og hópurnir flýgur sjaldnast langt þó ein úr hópnum hafi fallið, auk þess gera spor í snjó og krafs í gróður veiðimönnum oft auðveldara að finna fugl. Ég tek fram að þessar atferlisbreytingar eru eingöngu persónulegar athuganir en nánari skoðun á slíkum atferlisbreytingum væri verulega áhugavert rannsóknarverkefni. Það mætti jafnvel athuga hvort auð jörð löngu eftir að rjúpan skiptir um lit hafi áhrif á viðkomu stofnsins því það virðist sem snjóleysi geri það að verkum að hún haldi sig meira í urðum og á gryttum svæðum í stað þess að halda sig í móum og landi þar sem meira æti er að finna.

Virðingarfyllst

Sveinn Kári Valdimarsson